Capacent Ráðningar

## FORRITARI

Strikamerki

Strikamerki starfar á sviði upplýsingatækni og útvegar fyrirtækjum lausnir fyrir rafrænan rekstur - þar á meðal þráðlaus netkerfi, handtölvur, hug- og vélbúnað fyrir verslanir, prentlausnir o.fl.
Hjá fyrirtækinu starfar þéttur og góður hópur og meðal viðskiptavina eru mörg af öflugustu fyrirtækjum landsins.

**Vegna aukinna verkefna óskar Strikamerki eftir að bæta við hæfileikaríkum forritara. Um fjölbreytt verkefni er að ræða í krefjandi umhverfi. Starfið reynir á sjálfstæði í vinnubrögðum, frumkvæði og þjónustulund.**

**Kröfurnar eru eftirfarandi:**
- Þekking og reynsla á Delphi forritunarumhverfinu
- Þekking á SQL Server nauðsynleg
- Reynsla í .Net og Java mikill kostur
- Reynsla í C Sharp kostur
- Afburða samskiptahæfileikar og hafa gaman að því að þjónusta fólk
- Skipulögð vinnubrögð, vandvirkni og nákvæmni

**Umsóknarfrestur er til og með 23. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Umsjón með starfinu hefur Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14
Sími 540 1000

capacent

# Reykjavíkurborg

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar fer með ábyrgð á velferðarþjónustu borgarinnar, þ.m.t. almennri félagsþjónustu og sértækri þjónustu við fatlað fólk, aldraða og börn. Í því felst stefnumótun í velferðarmálum, áætlanagerð, samþætting velferðarþjónustu, eftirlit í samræmi við lög, reglur, samþykktir og pólitíska stefnu í velferðarmálum, mat á árangri, þróun nýrra úrræða og gerð þjónustusamninga við þriðja aðila. Framkvæmd velferðarþjónustu fer fram á sex þjónustumiðstöðvum í hverfum borgarinnar og hjá Barnavernd Reykjavíkur.

Þjónustumiðstöðvar sinna þjónustu við einstaklinga og fjölskyldur, sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla, frístundaráðgjöf auk almennrar upplýsingagjafar um starfsemi Reykjavíkurborgar. Þær bera ábyrgð á framkvæmd forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar og þar fer fram faglegt samstarf með áherslu á samþætta þjónustu.

Nánari upplýsingar um starfsemi Velferðarsviðs má sjá á vef sviðsins; **www.velferdarsvid.is**

## Deildarstjóri á þjónustumiðstöð

### Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis auglýsir eftir deildarstjóra á þjónustumiðstöð.

Við þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis starfa yfir 600 starfsmenn. Hjá þjónustumiðstöðinni eru á þriðja tug starfsstöðva sem sinna ýmiss konar þjónustu, meðal annars búsetuþjónustu, félagsstarfi, heima- og stuðningsþjónustu.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Ábyrgð á faglegu starfi, vinnubrögðum, uppbyggingu og skipulagi félagsþjónustu
- Ábyrgð á helstu þjónustuþáttum, s.s. félagslegri ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, virkni fyrir fólk sem fær fjárhagsaðstoð og húsaleigubætur
- Ábyrgð á starfsmannahaldi, fyrirkomulagi starfa og rekstri á deildinni
- Leiðbeinir starfsmönnum og veitir þeim ráðgjöf í starfi
- Samstarf og samvinna við aðrar stofnanir og ábyrgð á þverfaglegu samstarfi og samþættingu innan þjónustumiðstöðvarinnar
- Tryggir að framkvæmd þjónustu í starfsemi þjónustumiðstöðvar sé framúrskarandi og í samræmi við stefnu, leiðarljós og markmið Velferðarsviðs
- Undirbúningur og framkvæmd gæðaferla varðandi starfsemi deildarinnar

**Hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði félags-, mennta- og/eða heilbrigðisvísinda. Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af starfi innan velferðarþjónustu sveitarfélaga
- Þekking og reynsla af stjórnun
- Þekking á opinberri stjórnsýslu
- Framúrskarandi lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Metnaður, frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

### Upplýsingar veita:

Inga Steinunn Arnardóttir
inga@hagvangur.is

Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is.**

**Umsóknarfrestur er til og með 2. mars 2014.**

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags. Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um að jafna hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Capacent Ráðningar

# SVIÐSSTJÓRI ÞJÓNUSTU- OG FRAMKVÆMDASVIÐS

Bláskógabyggð varð sveitarfélag 9. júní 2002 en þá sameinuðust Biskupstungnahreppur, Laugardalshreppur og Þingvallahreppur. Íbúar eru alls 939. Bláskógabyggð er mjög landstórt og víðfemt sveitarfélag. Öflugt félagslíf er í sveitarfélaginu. Hefð er fyrir miklu skólasamfélagi á Laugarvatni, en þar eru öll skólastig; leikskóli, grunnskóli, menntaskóli og háskóli. Ferðaþjónusta er mjög stór atvinnugrein í Bláskógabyggð og matvælaframleiðsla mikil. Menning er á háu stigi um allt sveitarfélagið og það skartar fjölförnustu ferðamannastöðum landsins; Þingvöllum, Laugarvatni, Geysi, Gullfossi og Skálholti. Sjá nánar á heimasíðunni: www.blaskogabyggd.is

**Bláskógabyggð auglýsir laust starf sviðsstjóra þjónustu- og framkvæmdasviðs. Sviðsstjóri heyrir beint undir sveitarstjóra. Leitað er að metnaðarfullum stjórnanda með ríka samskiptafærni. Starfsstöð viðkomandi er í Reykholti í Bláskógabyggð. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.**

**Starfssvið**
- Ábyrgð á rekstri þjónustumiðstöðvar, Félagsheimilinu Aratungu, Íþróttamiðstöðvarinnar í Reykholti, Eignasjóði, Fráveitu og Leiguíbúðum
- Starfsmannahald
- Gerð fjárhagsáætlana í samvinnu við sviðsstjóra stjórnsýslusviðs og sveitarstjóra
- Umsjón með viðhaldi mannvirkja og eigna sveitarfélagsins
- Umsjón með lóðum og lendum sveitarfélagsins
- Ábyrgð og eftirlit með öryggismálum
- Umsjón með sorphirðu sveitarfélagsins

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Rekstrar-, verk- eða tæknifræðimenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af stjórnun og rekstri
- Reynsla af áætlanagerð, s.s. verk-, kostnaðar- og fjárhagsáætlanagerð
- Framúrskarandi leiðtogahæfni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking á sviði framkvæmda er æskileg
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni

**Umsóknarfrestur er til og með 3. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Nánari upplýsingar veita Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# GÆÐASTJÓRI

HB GRANDI

**HB Grandi óskar eftir að ráða gæðastjóra til starfa í Reykjavík. Um krefjandi ábyrgðarstarf er að ræða.**

Starf gæðastjóra felst í ábyrgð og yfirumsjón með gæðamálum fyrirtækisins, gerð gæðaáætlunar og umsjón með rekstri og viðhaldi gæðakerfa. Gæðastjóri ber ábyrgð á undirbúningi og framkvæmd innri og ytri gæðaúttekta, sér um samskipti við vottunaraðila gæðakerfa og þjálfun starfsmanna varðandi framkvæmd gæðaeftirlits. Gæðastjóri vinnur náið með gæðastjórum framleiðsludeilda sem og öðru starfsfólki á markaðssviði og framleiðslusviðum fyrirtækisins.

Gerð er krafa um háskólapróf sem nýtist í starfinu, t.d. á sviði matvæla- eða sjávarútvegsfræða. Skilyrði er að gæðastjóri hafi víðtæka starfsreynslu á sviði gæðamála og hafi borið ábyrgð á gæðastarfi fyrirtækis. Þekking á uppbyggingu og rekstri gæðakerfa er skilyrði sem og þekking á lögum og reglugerðum um framleiðslu og gæði matvæla. Einnig þarf viðkomandi að búa yfir þekkingu á verkferlum og gæðastöðlum.

Lykileiginleikar gæðastjóra eru samviskusemi og framúrskarandi samskiptahæfileikar. Viðkomandi þarf að búa yfir mikilli stjórnunarhæfni, getu til að vinna undir álagi og vera árangursdrifinn í starfi.

Gæðastjóri starfar innan markaðssviðs HB Granda og næsti yfirmaður viðkomandi er markaðsstjóri.

HB Grandi hf. veiðir, vinnur og markaðssetur botnfisk og uppsjávarfisk. Félagið gerir út 11 skip og er með starfsemi í Reykjavík, á Akranesi og á Vopnafirði. Hjá félaginu starfa 900 manns til sjós og lands.

**Umsóknarfrestur er til og með 23. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Nánari upplýsingar veita Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14
Sími 540 1000

capacent

www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

Capacent Ráðningar

# LÖGFRÆÐINGUR

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið fer m.a. með loftslagsmál, málefni hafsins, mengunarvarnir og hollustu, náttúruvernd, veiðistjórnun, skógrækt og landgræðslu, skipulag og landmælingar, mannvirkjamál og sjálfbæra þróun. Í ráðuneytinu starfa um fjörutíu starfsmenn og er verkefnum ráðuneytisins skipað á fjórar skrifstofur.

**Hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu er laust til umsóknar starf lögfræðings á skrifstofu umhverfis og skipulags. Leitað er að lögfræðingi með góða samskiptahæfni sem er tilbúinn til að takast á við krefjandi og áhugaverð verkefni. Um er að ræða fjölbreytt starf í lifandi umhverfi.**

**Starfssvið**
- Vinna við afgreiðslu stjórnsýsluerinda, úrskurði og álitsgerðir
- Samning lagafrumvarpa og reglugerða
- Vinna við framkvæmd EES samningsins og innleiðingu EES gerða
- Þátttaka í stefnumótun á málefnasviði skrifstofunnar
- Samskipti við Alþingi, stjórnvöld, og hagsmunaaðila
- Alþjóðleg samskipti

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði
- Þekking og/eða reynsla af störfum innan stjórnsýslunnar er æskileg
- Þekking í evrópurétti og/eða reynsla af framkvæmd EES samningsins er æskileg
- Færni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, skipulagshæfni og öguð vinnubrögð
- Mjög gott vald á rituðu og töluðu íslensku
- Mjög góð kunnátta í ensku og góð kunnátta í einu Norðurlandamáli

**Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármálaráðherra.**
**Ráðuneytið hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.**

**Umsóknarfrestur er til og með 3. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# MANNAUÐSSTJÓRI

Lyfjastofnun

Lyfjastofnun er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir velferðarráðuneytið. Helsta hlutverk hennar er að gefa út markaðsleyfi fyrir lyf á Íslandi í samvinnu við lyfjayfirvöld á Evrópska efnahagssvæðinu, hafa eftirlit s.s. með lyfjafyrirtækjum og heilbrigðisstofnunum á Íslandi, meta gæði og öryggi lyfja og tryggja faglega upplýsingagjöf um lyf til heilbrigðisstarfsfólks og neytenda. Hjá Lyfjastofnun eru flestir starfsmenn háskólamenntaðir og/eða með sérþekkingu á lyfjamálum. Krafist er fyllsta hlutleysis í störfum starfsmanna. Lyfjastofnun er góður vinnustaður þar sem framfylgt er stefnu um samræmingu fjölskyldulífs og atvinnu. Lyfjastofnun varð í 3. sæti í samkeppni um STOFNUN ÁRSINS 2013 í flokki stærstu stofnana og hlaut nafnbótina FYRIRMYNDARSTOFNUN 2013.

SFR FYRIRMYNDAR STOFNUN 2013

## Lyfjastofnun óskar eftir að ráða mannauðsstjóra í 50% starfshlutfall. Um nýtt starf er að ræða.

Hlutverk mannauðsstjóra er að móta stefnu um mannauðsmál stofnunarinnar í samráði við framkvæmdaráð og fylgja eftir faglegri framkvæmd hennar. Meðal verkefna eru mannaflaspá, ráðningar, nýliðamóttaka, starfsþróun, starfsmannasamtöl, frammistöðumat, launamál og stofnanasamningar. Mannauðsstjóri heyrir undir forstjóra stofnunarinnar. Alls starfa um 60 manns hjá Lyfjastofnun.

**Starfssvið:**
- Fræðslu- og starfsþróunarmál
- Launamál og stofnanasamningar
- Stefnumótun, innleiðing og eftirfylgni starfsmannastefnu í samvinnu við framkvæmdaráð
- Ráðgjöf til stjórnenda í starfsmannatengdum málum
- Ráðningar, ráðningarferli og móttaka nýliða
- Umsjón með starfsmannasamtölum og frammistöðumati

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun eða reynsla á sviði mannauðsmála
- Reynsla á sviði mannauðsstjórnunar
- Reynsla á sviði opinberrar stjórnsýslu er kostur
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogahæfni og geta til að hvetja aðra til árangurs
- Vilji til ákvarðanatöku, frumkvæði og kraftur til þess að hrinda hlutum í framkvæmd
- Hæfni til tjáningar í ræðu og riti

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Upplýsingar um Lyfjastofnun má finna á vefsíðu stofnunarinnar www.lyfjastofnun.is

**Umsóknarfrestur er til og með 3. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent




# Vilt þú skapa góðar minningar?

Nordic Visitor leitar nú að öflugum starfsmönnum í fjölbreytt og skemmtileg störf.

- **Bakvinnsla og ferðaráðgjöf - áfangastaður Noregur**
- **Bókari - sumarstarf**

Nordic Visitor er framsækin ferðaskrifstofa sem sérhæfir sig í því að skapa góðar minningar með sérsniðnum pakkaferðum fyrir einstaklinga og hópa til allra Norðurlanda sem og fyrirtækjaferðir til Íslands og Svíþjóðar.

Fyrirtækið hefur verið í stöðugum vexti síðan það var stofnað árið 2002 og er í dag eitt af stærstu ferðaþjónustufyrirtækjum Íslands með um 50 starfsmenn. Við bjóðum uppá lifandi vinnustað, mikil tækifæri til starfsþróunar og frábæra starfsaðstöðu í nýjum höfuðstöðvum fyrirtækisins í Bríetartúni.

Nánari upplýsingar um þessi störf er að finna á vef Nordic Visitor: www.nordicvisitor.com/atvinna/

---

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins en lýtur sérstakri stjórn. Seðlabankinn fer með stjórn peningamála á Íslandi og er meginmarkmið hans stöðugleiki í verðlagsmálum. Seðlabankinn skal ennfremur sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd.

# Laust starf hjá Seðlabanka Íslands

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða sérfræðinga á sviði fjármálastöðugleika. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík.

Eitt meginhlutverka Seðlabanka Íslands er að stuðla að stöðugu, öruggu og virku fjármálakerfi. Fjármálastöðugleikasvið fylgist með þróun fjármálakerfisins bæði hér á landi og erlendis, styrk þess og skilvirkni og áhrifum efnahagslegra þátta á kerfið í heild sinni. Fjármálastöðugleikasvið rannsakar og greinir áhættur sem raskað gætu stöðugleika íslenska fjármálakerfisins, með það að markmiði að koma auga á veikleika sem gætu leitt til alvarlegra áfalla.

Fjármálastöðugleikasvið vinnur að þróun lausafjárreglna fyrir lánastofnanir sem hafa það markmið að draga úr lausafjáráhættu þeirra og fjármálakerfisins í heild. Fjármálastöðugleikasvið fer með eftirlit með því að lánastofnanir uppfylli lágmarkskröfur reglna Seðlabanka Íslands um laust fé á hverjum tíma. Auk þess er viðamikil greining framkvæmd á lausafjárstöðu lánastofnana til að greina lausafjáráhættu einstakra lánastofnana og fjármálakerfisins í heild.

## Sérfræðingur á fjármálastöðugleikasviði, lausafjármál

**Helstu verkefni:**
- Greining á lausafjárstöðu lánastofnana
- Eftirfylgni með reglum
- Þróun og útfærsla á álagsprófum vegna lausafjáráhættu
- Þróun á lausafjárreglum
- Þróun á fjármögnunarkröfum, þ.e. á reglum um gjalddagamisræmi á eignum og skuldum til lengri tíma
- Skrif í rit bankans, sér í lagi ritið *Fjármálastöðugleiki*
- Tilfallandi verkefni, umsagnir og ráðgjöf á ábyrgðasviðum fjármálastöðugleika

**Hæfniskröfur:**
- Áskilið er a.m.k. meistarapróf í hagfræði, viðskiptafræði, verkfræði, tölfræði eða öðrum sambærilegum greinum
- Þekking á fjármálafræðum
- Gott vald á upplýsingatækni og gagnavinnslu
- Gott vald á mæltu og rituðu máli.
- Góðir samskiptahæfileikar og vilji til að starfa í hópi

## Sérfræðingur á fjármálastöðugleikasviði, þjóðhagsvarúð

**Helstu verkefni:**
- Rannsóknir á sviði fjármálafræði og þjóðhagsvarúðar
- Þróun á greiningaraðferðum og mælikvörðum til að greina og meta kerfisáhættu
- Nýta líkön til að rannsaka virkni stýritækja sem nýta má til að bregðast við kerfisáhættu
- Rannsóknir á samspili þjóðhagsvarúðar og eindarvarúðar
- Skrif í rit bankans, sér í lagi ritið *Fjármálastöðugleiki*
- Tilfallandi verkefni, umsagnir og ráðgjöf á ábyrgðasviðum fjármálastöðugleika

**Hæfniskröfur:**
- Áskilið er a.m.k. meistarapróf í hagfræði, viðskiptafræði, verkfræði, tölfræði eða öðrum sambærilegum greinum
- Þekking á fjármálafræðum
- Gott vald á tölfræði og líkanagerð
- Gott vald á upplýsingatækni og gagnavinnslu
- Gott vald á mæltu og rituðu máli
- Góðir samskiptahæfileikar og vilji til að starfa í hópi

Upplýsingar um störfin veitir Sigríður Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálastöðugleika, sigridur.benediktsdottir@sedlabanki.is.

**Sótt skal um störfin á heimasíðu Seðlabanka Íslands, www.sedlabanki.is, í síðasta lagi mánudaginn 24. febrúar næstkomandi. Umsóknir gilda í sex mánuði. Við ráðningar í störf hjá Seðlabanka Íslands er tekið mið af jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun bankans. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.**

---

HÁLSAFELL

**Vegna aukinna verkefna vantar Hálsafell ehf vélamenn og bílstjóra til starfa.**

*Áhugasamir hafi samband við Skarphéðin í síma 899-5126*

---

# Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands

Starfið krefst frumkvæðis og hæfileika til að laga sig að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum. Við bjóðum upp á lifandi vinnustað ásamt ríku tækifæri til að móta eigið starfsumhverfi og verklag.

**Helstu verkefni:**
- Gerð umsagna um þingmál
- Seta í nefndum og ráðum fyrir hönd Viðskiptaráðs
- Lögfræðileg ráðgjöf gagnvart framkvæmdastjóra og stjórn
- Skýrsluskrif og önnur útgáfustarfsemi, s.s. á sviði stjórnarhátta fyrirtækja
- Aðstoð við greiningarvinnu tengda efnahagsmálum og rekstrarumhverfi fyrirtækja
- Aðkoma að alþjóðlegu samstarfi
- Umsjón með Gerðardómi Viðskiptaráðs
- Önnur tilfallandi dagleg skrifstofustörf

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Embættis- eða grunn- og meistarapróf í lögfræði (með góðum námsárangri)
- Viðeigandi starfsreynsla æskileg en ekki nauðsynleg
- Grunnþekking á efnahagsmálum og rekstrarumhverfi atvinnulífsins
- Greiningarhæfileikar og geta til að setja sig hratt inn í ólík viðfangsefni
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á asthildur@vi.is fyrir **1. mars 2014**. Nánari upplýsingar veitir Frosti Ólafsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs í síma 510-7100.

Viðskiptaráð Íslands er heildarsamtök fyrirtækja, félaga og einstaklinga í íslensku atvinnulífi. Frekari upplýsingar um starfsemi ráðsins má nálgast á vef þess, **www.vi.is**

*Sameiginlegur vettvangur íslensks viðskiptalífs*

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER OF COMMERCE

---

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent

## Staða Vélvirkja hjá Golfklúbbnum Keili

Golfklúbburinn Keilir í Hafnarfirði óskar eftir að ráða öflugan aðila í starf vélvirkja. Vélvirki ber ábyrgð á fyrirbyggjandi viðhaldi og viðgerðum á vélaflota klúbbsins. Um framtíðar starf er að ræða fyrir réttan aðila. Golfklúbburinn Keilir er einn stærsti golfklúbbur landsins. 4 heilsárs-starfsmenn vinna við viðhald vallarins í viðbót við 16 sumarstarfsmenn. Golfvöllurinn er þekktur meðal kylfinga fyrir góða umhirðu og því mikilvægt að vélar klúbbsins séu ávalt í góðu ásigkomulagi svo hægt sé að viðhalda þeim gæðum sem meðlimir og aðrir kylfingar búast við.

Starfssvið:

- *Umsjón á viðhaldi alls vélaflota golfklúbbsins, frá smátækjum til bifreiða.*
- *Sér til þess að vélafloti klúbbsins sé starfshæfur og fullgildi allar öryggiskröfur.*
- *Innkaup á varahlutum og umsjón með varahlutalager.*
- *Skipulag á útseldri brýningarþjónustu klúbbsins.*
- *Umsjón með umhirðu á verkstæði og vélahúsi.*

Menntunar- og hæfniskröfur:

- *Menntun á sviði bifvéla- eða vélvirkjunar, eða sambærilegt.*
- *Góð reynsla og hæfni í málmsuðu.*
- *Reynsla af viðhaldi glussadrifinna tækja, smávéla (tvígengis-mótorar), raftækja sem og venjulegra bifreiða.*
- *Geta haldið bókhald um viðhald tækja og séð um pantanir á varahlutum.*
- *Góð tölvukunnátta skilyrði sem og góð enskukunnátta.*
- *Reynsla af brýningum á sláttuketlum er kostur en þó ekki nauðsynleg.*
- *Getur mögulega sinnt nýsmíði á t.d. einföldum kerrum o.þ.h.*

Viðkomandi þarf að búa yfir mikilli hæfni í mannlegum samskiptum. Hafa hæfni til þess að vinna sjálfstætt og undir álagi. Mjög mikilvægt er að viðkomandi sé snyrtilegur í umgengni og skipulagður í sinni vinnu.
Umsóknarfrestur er til og með 24. febrúar nk.
Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að senda umsókn á bjarni@keilir.is
Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilsskrá.

Golfklúbburinn Keilir 19 67

## VIÐSKIPTASTJÓRI & PLASTMANNESKJA...

ODDI

### VIÐSKIPTASTJÓRI: Umbúðir

Við leitum að kraftmiklum og metnaðarfullum aðila í starf viðskiptastjóra (*Key Account Manager*) fyrir framleiðsluvörur Odda, meðal annars umbúðir fyrir matvælaframleiðslu.

Reynsla af sölumennsku og mikill áhugi á faginu eru augljósir kostir, ásamt einbeittri þjónustulund, almennum hressleika og mýkt í mannlegum samskiptum. Þekking á matvælaiðnaði og umbúðum er stór plús.

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Rúnar Höskuldsson, deildarstjóri sölusviðs Odda, í runarh@oddi.is eða 515-5000.**

### STARFSMAÐUR: Plastframleiðsla

Við leitum að duglegum og orkumiklum einstaklingi til starfa við plastframleiðslu. Unnið er á þrískiptum vöktum, fimm daga vikunnar.

Starfið snýst um fjölbreytt viðfangsefni í samhentum og skemmtilegum hópi fólks, sem fæst við plastframleiðslu í matvælavottuðu umhverfi. Plastfólkið okkar er í fremstu röð.

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Júlíus Ásbjörnsson, deildarstjóri plastframleiðslu Odda, í julius@oddi.is eða 515-5000.**

Umsóknarfrestur fyrir bæði störfin er til og með 24. febrúar. Sækið um starfið á vefsvæði Odda. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum svarað.

*Oddi er eitt stærsta framleiðslufyrirtæki landsins. Þar starfa um 300 manns, sem sinna 3.500 kröfuhörðum viðskiptavinum. Stór hluti umsvifa fyrirtækisins er á sviði umbúðaframleiðslu, en við bjóðum einnig fjölbreytta prentþjónustu. Oddi er fjölskylduvænt og jafnréttissinnað fyrirtæki, sem býr vel að starfsfólki og leggur mikla áherslu á mannauð og menntun.*

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2012

Framúrskarandi fyrirtæki 2013

Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja. Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

14-0374 - HVITA HUSID / SIA

# Ertu klár í LINUX?

## *Isavia óskar eftir að ráða öflugan einstakling til hugbúnaðarviðhalds og reksturs flugstjórnarkerfa*

*ATM kerfi sjá um rekstur tölvukerfa í flugstjórnarmiðstöðinni á Reykjavíkurflugvelli, fjarskiptastöðinni í Gufunesi og á Keflavíkurflugvelli. Tölvukerfin eru m.a. fluggagnakerfi og ratsjárkerfi, sem bæði vinna með rauntímaupplýsingar um flugumferð yfir Íslandi og Norður-Atlantshafi. Í starfinu felst meðal annars forritun vegna viðhalds kerfa í notkun, almennur rekstur flugstjórnarkerfa og fyrirbyggjandi viðhald, greiningar bilana og viðbrögð við þeim.*

**Hæfniskröfur**

- Gerð er krafa um háskólapróf í tölvunarfræði eða sambærilega menntun auk fimm ára reynslu við forritun.
- Reynsla af LINUX og TCP/IP netumhverfi er æskileg.
- Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi gott vald á íslenskri og enskri tungu.
- Krafa er um að umsækjendur búi í nágrenni við Reykjavíkurflugvöll vegna bakvakta.

Starfið er ýmist unnið á vöktum eða á virkum dögum.

**Umsækjandi þarf að standast bakgrunnsskoðun ríkislögreglustjóra vegna aðgangs að haftasvæði flugverndar.**

Umsóknum skal skila á rafrænu formi: **www.isavia.is/atvinna**. Umsóknarfrestur er til **23. febrúar**.

**Gildi Isavia eru öryggi, þjónusta og samvinna**

Hjá Isavia og dótturfélögum starfa um 850 manns. Helstu verkefni fyrirtækisins eru umsjón með uppbyggingu og rekstri flugvalla og að veita flugleiðsöguþjónustu fyrir innanlandsflug, jafnt sem millilandaflug, auk yfirflugsþjónustu fyrir Norður-Atlantshafið. Isavia leggur áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.

isavia

# GREIÐSLUVEITAN

## Sérfræðingur á sviði upplýsingatækni

Greiðsluveitan óskar eftir að ráða öflugan sérfræðing á sviði upplýsingatækni og greiðslumiðlunar. Starfið felur í sér fjölbreytt verkefni tengd úttektum, prófunum og rekstri greiðslumiðlunarkerfa.

**Starfssvið:**

- Úttektir á hugbúnaði viðskiptavina Greiðsluveitunnar
- Framkvæmd prófana og viðhald prófunarlýsinga fyrir kerfi Greiðsluveitunnar
- Samskipti við viðskiptavini og þjónustuveitendur
- Aðstoð við daglegan rekstur greiðslumiðlunarkerfa

**Menntunar og hæfiskröfur:**

- Tölvunarfræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og/eða mikill áhugi á hugbúnaðarprófunum
- Reynsla af rekstri upplýsingatæknikerfa er kostur
- Góðir samskiptahæfileikar og hæfni til að vinna í hóp
- Frumkvæði, nákvæmni og ögun í vinnubrögðum áskilin

**Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um!**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Logi Ragnarsson framkvæmdastjóri,
netfang logi@greidsluveitan.is, sími 458 0000.
Áhugasamir eru beðnir um að senda umsókn á starfsumsokn@greidsluveitan.is
Umsóknarfrestur er til **25. febrúar** nk.

**Greiðsluveitan er sjálfstætt rekið einkahlutafélag í eigu Seðlabanka Íslands. Tilgangur félagsins er að starfrækja greiðslukerfi og önnur þjónustukerfi tengd greiðslumiðlun fyrir banka og önnur fjármálafyrirtæki. Hjá Greiðsluveitunni starfa nú þrettán sérfræðingar sem sinna margvíslegum verkefnum af ýmsum toga. Frekari upplýsingar er að finna á vef félagsins www.greidsluveitan.is**

# ICELANDIC TIMES

## Sölumaður

Við erum að leita að fjölhæfum einstaklingi með reynslu í sölumennsku. Vinnan felst í selja auglýsingar og kynningar í blöðin okkar og á netið.
**Icelandic Times Media** er margmiðlunarfyrirtæki sem gefur út ferða og menningarritin Icelandic Times á ensku,frönsku,þýsku og kínversku. Við leitum af öflugum liðsmanni, sjálfstæðum og skipulögðum.

Umsóknir og ferilskrá berist til info@icelandictimes.com
**Umsóknarfrestur er til 23. febrúar 2014**

**Verslunarstjóri - Lifandi starf**

Lín DESIGN



## STAÐA AKADEMÍSKS STARFSMANNS Í RAFMAGNSVERKFRÆÐI

Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík auglýsir eftir akademískum starfsmanni á sviði rafmagnsverkfræði/ raforkuverkfræði. Ráðið verður í stöðu, lektors, dósents eða prófessors og verður starfsheitið ákvarðað út frá hæfismati. Þessi staða er liður í uppbyggingu á raforkusviði við HR í samstarfi við Landsnet og Landsvirkjun.

### STARFSSVIÐ:

- Stunda rannsóknir á sviði rafmagnsverkfræði.
- Kennsla í grunn- og framhaldsnámi.
- Sinna leiðsögn nemenda í lokaverkefnum og framhaldsnámi.

### HÆFNISKRÖFUR:

- Doktorsgráða í rafmagnsverkfræði af sterk- eða veikstraumssviði.
- Rannsóknarreynsla.
- Reynsla af hefðbundnum verkfræðistörfum er kostur.
- Reynsla af kennslu og metnaður á því sviði.
- Hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og sjálfstæði í starfi.

## STAÐA AKADEMÍSKS STARFSMANNS Í ORKUVERKFRÆÐI

Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík auglýsir eftir akademískum starfsmanni á sviði orkuverkfræði. Ráðið verður í stöðu, lektors, dósents eða prófessors og verður starfsheitið ákvarðað út frá hæfismati.

### STARFSSVIÐ:

- Stunda rannsóknir á sviði jarðhita eða öðrum sviðum orkurannsókna.
- Kennsla í grunn- og framhaldsnámi.
- Sinna leiðsögn nemenda í lokaverkefnum og framhaldsnámi

### HÆFNISKRÖFUR:

- Doktorsgráða í vélaverkfræði, efnaverkfræði, orkuverkfræði eða skyldum greinum.
- Rannsóknarreynsla.
- Reynsla af hefðbundnum verkfræðistörfum er kostur.
- Reynsla af kennslu og metnaður á því sviði.
- Hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og sjálfstæði í starfi.

Nánari upplýsingar um störfin veita Guðrún Sævarsdóttir deildarforseti tækni- og verkfræðideildar, **gudrunsa@ru.is** og Sigrún Þorgeirsdóttir **sigrunth@ru.is** skrifstofustjóri deildarinnar. Umsókn ásamt starfsferilskrá, afriti af viðeigandi prófskírteinum, yfirliti yfir fræðastörf og reynslu af kennslu, afritum af helsta birta efni og meðmælum, skal skilað á vefnum **ru.is/lausstorf** fyrir 1. apríl 2014. Fylgigögn og almennar fyrirspurnir má senda á netfangið **mannaudur@ru.is**.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

Menntavegi 1 | 101 Reykjavík | Sími 599 6200 | www.hr.is

## Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

- **Þroskaþjálfi á hæfingarstöð fyrir fatlaða**
- **Matráður á leikskólann Austurkór**

Nánari upplýsingar og fleiri störf er að finna á vef Kópavogsbæjar

**Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is**

Vakin er athygli á að öll laus störf hjá bænum eru auglýst **www.kopavogur.is**

**Kópavogsbær**

kopavogur.is

# BS Eignir

## Verktakar athugið

**Erum að fara byggja yfir 100 íbúðir á næstu tveimur árum.**

**Óskum eftir verktökum í eftirfarandi verkþætti:**

- Húsasmiðameistara
- Raflagnameistara
- Pípulagnameistara
- Jarðverktaka
- Múrarameistara

Áhugasamir hafið samband:
**Framtak | BS eignir ehf**
**olipall@bseignir.is**

# ATVINNA

Vegna mikilla anna þurfum við að bæta við tveimur röskum starfskröftum í framleiðsludeild okkar. Störfin felast í:

- Frumstig vinnslu í lýsingarherbergi. Lýsa filmur í ramma fyrir silkiprentun, þrif á búnaði og undirbúningur vinnslu.

- Púðaprentun (Tampon printing). Prentun á penna og ýmsa aðra smáhluti með þar til gerðri prentvél.

Um er að ræða framtíðarstörf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki í sölu og framleiðslu á auglýsingavörum. Vinsamlegast athugið að Margt smátt er reyklaus vinnustaður.

Upplýsingar veitir Arnar H. Ágústsson í síma 585 3509. Umsóknir sendist fyrir 21. feb. á netfang: arnar@margtsmatt.is

margt smátt
Guðríðarstig 6–8
113 Reykjavík
margtsmatt.is

---

## Epal leitar eftir starfsmanni í Hörpu

epal

**100% STARF**

**Starfs- og ábyrgðasvið**
- Yfirumsjón verslunar
- Samskipti við birgja
- Umsjón með útliti verslunar

**Hæfniskröfur**
- Góð þjónustulund / samskiptahæfileikar
- Metnaður, áhugi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfileikar
- Áhugi á hönnun
- Tungumálakunnátta

**Vinnutími er 10:00 – 18:00 virka daga og einnig aðra hvora helgi.**

**Nánari upplýsingar veitir Elísabet Guðmundsdóttir í síma 568-7733**

**Umsóknir óskast sendar fyrir 19. febrúar, á netfangið: elisabet@epal.is**

---

## Skaftárhreppur

### Hjúkrunarforstjóri

Hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhólar á Kirkjubæjarklaustri auglýsir stöðu hjúkrunarforstjóra lausa til umsóknar.

Um er að ræða 100% starf. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og launanefndar sveitarfélaga.

Klausturhólar er glæsilegt hjúkrunar- og dvalarheimili með 20 íbúum. Ný og vel búin hjúkrunarálma var tekin í notkun 2006. Samstarf er milli Klausturhóla og Heilbrigðisstofnunar Suðurlands sem starfrækir heilsugæslustöð á Kirkjubæjarklaustri.

Á Kirkjubæjarklaustri er grunnskóli, tónlistarskóli og leikskóli. Þar er góð aðstaða til íþróttaiðkunar í nýrri íþróttamiðstöð með sundlaug, íþróttasal og tækjasal. Í nágrenninu er íþróttavöllur og golfvöllur. Náttúrufegurð í Skaftárhreppi er rómuð og mikil uppbygging á sér stað, einkum í ferðaþjónustu. Eitt af helstu hliðum Vatnajökulsþjóðgarðs er í Skaftárhreppi.

**Umsóknarfrestur er til 25.febrúar 2014.**

Umsóknir sendist til sveitarstjóra Skaftárhrepps, Skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 10, 880 Kirkjubæjarklaustri. Umsóknir má einnig senda á netfangið sveitarstjóri(hjá)klaustur.is.

**Nánari upplýsingar veita:**
Eygló Kristjánsdóttir, formaður rekstrarnefndar Klausturhóla,sími: 487 4840,
netfang: sveitarstjori(hjá)klaustur.is eða
Sigþrúður Ingimundardóttir, hjúkrunarforstjóri Klausturhóla, sími: 698 7272
netfang: sigtrudur(hjá)gmail.com.

---

# Rafkaup

Rafkaup er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu á lömpum, lampabúnaði, ljósaperum og innlagnaefni.

Rafkaup er umboðsaðili þekktra vörumerkja eins og SYLVANIA, DELTA LIGHT og IGUZZINI.

Rafkaup var stofnað árið 1982.

## Sölumaður

**Rafkaup óskar að ráða sölumann á perum, ljósum, ljósabúnaði o.fl.**

**Starfslýsing:**
Öll almenn sölustörf, pantanir o.fl.
Vinnutími 8:00 til 17:00

**Hæfniskröfur:**
Reynsla og þekking á ljósabúnaði og fylgihlutum, svo og almennu raflagnaefni. Sjálfstæð vinnubrögð, góð þjónustulund, stundvísi og reglusemi.

Einungis reyklausir einstaklingar eldri en 25 ára koma til greina.

Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda á **atvinna@rafkaup.is** fyrir 22. febrúar.

**Rafkaup hf - Ármúla 24 - 108 Reykjavík - www.rafkaup.is**

---

RioTintoAlcan



# Sumarstörf í Straumsvík

**Við leitum að drífandi fólki í sumarstörf; 15. maí - 1. september, eða eftir samkomulagi.**

### Starfsmenn óskast á eftirtalda vinnustaði:

**Ker- og steypuskáli.** Aðallega er unnið á þrískiptum vöktum, starfsmenn þurfa að standast lyftarapróf áður en starf hefst, hafi þeir ekki réttindi.

**Skautsmiðja.** Unnið er á tvískiptum vöktum, starfsmenn þurfa að standast lyftarapróf áður en starf hefst, hafi þeir ekki réttindi.

**Hafnarvinna.** Unnið er í dagvinnu og þurfa starfsmenn að skila inn hreinu sakavottorði og standast lyftarapróf, hafi þeir ekki réttindi.

**Mötuneyti.** Meðal annars er leitað eftir matreiðslumanni.

**Öryggisvarsla.** Unnið er á þrískiptum vöktum, starfsmenn þurfa að skila inn að skila inn hreinu sakavottorði.

**Birgðahald og innkaup.** Unnið er í dagvinnu.

**Rannsóknarstofa.** Unnið er á tvískiptum vöktum.

**Efnisvinnsla.** Unnið er á tvískiptum vöktum, starfsmenn þurfa að standast að standast lyftarapróf áður en starf hefst, hafi þeir ekki réttindi.

**Iðnaðarmenn.** Óskað er eftir iðnaðarmönnum í dagvinnu á verkstæðum. Starfsmenn þurfa að hafa iðnréttindi og sérstök athygli er vakin á því að iðnemar koma jafnframt til greina.

**Ýmsir aðrir vinnustaðir.** Á flestum vinnustöðum ISAL er bæði dagvinna og vaktavinna í boði.

**Allt nýtt starfsfólk:**

» Þarf að vera a.m.k. 18 ára á árinu og hafa gilt ökuskírteini.

» Þarf að gangast undir læknisskoðun og standast lyfjapróf áður en það hefur störf.

Lögð er rík áhersla á öryggismál starfsmanna og er markviss þjálfun í upphafi starfstíma.

Umsókn um starf er fyllt út á riotintoalcan.is þar eru nánari upplýsingar.

**Umsóknarfrestur er til og með 24. febrúar 2014.**

Rio Tinto Alcan á Íslandi hf. er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, frammistöðuhvetjandi starfsumhverfi og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar.

Við setjum umhverfis-, öryggis-, og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuaðferðum. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið og samfélagið sem við erum hluti af.

**Rio Tinto Alcan**
Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður

Sími 560 7000
**www.riotintoalcan.is**

## HAMBORGARASMIÐJAN

**óskum eftir að ráða starfólk í fullt starf.**
Starfið felur í sér öll almenn afgreiðslu og þjónustustörf sem og aðstoð í eldhúsi.
Unnið er samkvæmt vaktaplani 2-2-3 á 10 tíma vöktum.
Þetta er reyklaus vinnustaður.
Æskilegt að umsækjendur séu 20 ára eða eldri

**Umsóknir sendist á smidjan@live.com**

## NORTHERN PARTNERS

Byggingarfyrirtæki í rekstri á Stavanger svæðinu óskar eftir samstarfsaðeila/um varðandi rekstur og áframhaldandi uppbyggingu. Sveinspróf eða sambærilegt skilyrði.
Vinsamlega sendið umsókn með upplýsingum til:
**atvinna@northernpartners.no**



## Laus staða hjúkrunarfræðings í Vík í Mýrdal afleysing í 1 ár frá 1. apríl 2014

Hjúkrunarfræðingur óskast til starfa við Dvalar- og hjúkrunarheimilið Hjallatún í Vík.
Um er að ræða 80 % stöðu verkefnisstjóra 2 sem vinnur dagvaktir, kvöldvaktir og bakvaktir eftir samkomulagi.

Laun skv. kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

**Allar nánari upplýsingar veitir:**
**Guðlaug Guðmundsdóttir**
**hjúkrunarforstjóri í s.868 1181 / hjallatun@vik.is**

Hjallatún

**Vík í Mýrdal**

**Fjölskylduvænt samfélag í fallegu umhverfi.**

Mýrdalshreppur er um 500 manna sveitarfélag.
Í Vík er öll almenn þjónusta og frábær aðstaða til allrar almennrar íþróttaiðkunar.

Náttúrufegurð er rómuð í Vík og nágrenni og samgöngur greiðar allt árið.

## Starfsmaður óskast á vélaverkstæði

Verður að vera vanur viðgerðum á stærri tækjum og bílum.
Mentun er kostur en ekki skilyrði.
Íslenskukunnátta og bílpróf eru skilyrði.

**Upplýsingar í síma 697 3390 eða hinrik@velavit.is**

Vélavit
Varahlutir - Viðgerðir
S: 5272600 - www.velavit.is

## FJÖLBREYTT SKRIFSTOFUSTARF

Jónatansson & Co lögfræðistofa auglýsir eftir reynsluríkum starfskrafti til að annast fjölbreytt skrifstofustörf í 100% starfshlutfalli.

**HELSTU VERKEFNI**
- Umsjón með móttöku, símasvörun
- Skönnun og skjalastjórnun
- Ritvinnsla og ljósritun, innkaup á rekstrarvörum
- Önnur tilfallandi störf fyrir stofuna

**HÆFNISKRÖFUR**
- Stúdentspróf eða önnur sambærileg menntun
- Reynsla af almennum skrifstofustörfum, starfsreynsla á lögfræðistofu er æskileg en þó ekki skilyrði
- Reynsla í skjalastjórnun, t.d. í Onesystems skjalakerfinu
- Góð færni í Word og almenn tölvukunnátta
- Nákvæmni, sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni
- Lipurð í mannlegum samskiptum og snyrtimennska
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti

*Umsóknarfrestur er til **26. febrúar n.k.***
*Áhugasamir sendi umsóknir og ferilskrár á netfangið **vj@jonatansson.is**. Öllum umsóknum verður svarað. Trúnaður verður virtur.*

JÓNATANSSON&CO
Lögfræðistofa ehf

SUÐURLANDSBRAUT 6 / Sími 533 3434
www.jonatansson.is

## Viltu vinna í litríkri og skemmtilegri verslun?

A WORLD OF INSPIRATION · the PIER · FOR YOUR HOME

Leitum að verslunarstjóra í verslun okkar í Korputorgi

**Hæfniskröfur:**
- Skipulagshæfni og drifkraftur
- Vinnur vel í hóp
- Rík þjónustulund
- Reynsla af sölustörfum
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð

**Við leitum einnig að :**
Starfsmanni í fullt starf á Smáratorgi
Starfsmönnum í helgar- og hlutastarf í Smáratorg og Korputorg

Áhugasamir sendi umsókn með ferilskrá fyrir **23.febrúar 2014** næstkomandi á netfangið **krumma@pier.is**

Haft verður samband við alla sem sækja um eftir að umsóknarfrestur rennur út

## Starfsmenn í verslanir

Vegna stóraukinna umsvifa óskar Jötunn Vélar eftir því að ráða starfsmenn í verslanir sínar á Akureyri og Selfossi. Um spennandi og krefjandi störf er að ræða.

**Starfssvið:**
- Almenn verslunarstörf og þjónusta við viðskiptavini

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla sem nýtist í starfi
- Skipulagshæfni, frumkvæði og metnaður í starfi
- Góð þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

**Umsóknarfrestur er til 25. febrúar nk.**
Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að senda umsókn ásamt ítarlegri ferilskrá á netfangið gudmundur@jotunn.is. Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Þór Guðjónsson fjármálastjóri í síma 480 0400.

Jötunn Vélar er framsækið fyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu á vélum og búnaði tengdum landbúnaði, grænum svæðum og jarðvinnuverktökum. Í verslunum fyrirtækisins er mikið úrval rekstrarvara fyrir bændur og heimili. Fyrirtækið hefur frá upphafi lagt mikla áherslu á að veita viðskiptavinum sínum góða og hraðvirka þjónustu. Meðal helstu vörumerkja sem fyrirtækið er innflytjandi að eru: Massey Ferguson, Valtra, Pöttinger, Schaffer, McHale og Toro. Jötunn Vélar eru með starfssöðvar á Selfossi og Akureyri og mun Reykjavík bætast í hópinn innan skamms. Hjá fyrirtækinu starfa 30 manns.

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR
Austurvegur 69 - 800 Selfoss | Lónsbakki - 601 Akureyri | www.jotunn.is
Jötunn Vélar ehf. - Kt. 600404 2610 | Sími 480 0400 | jotunn@jotunn.is

## TEITUR

### Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir bílstjórum í sumarstarf

**Hæfniskröfur:**
- Aukin ökuréttindi (D-réttindi)
- Hreint sakavottorð
- Hæfni í mannlegum samskiptum og reglusemi
- Þekking á ferðamannastöðum
- Próf frá leiðsöguskóla kostur

Áhugasamir vinsamlega sendið ferilskrá ásamt sakavottorði og ökuferilsskrá á info@teitur.is merkt **Sumarstarf** fyrir **1.mars.**
Ökuferilsskrá má nálgast á næstu lögreglustöð.
Nánari upplýsingar veitir Ágúst Ísfjörð á agust@teitur.is

## Vestnordisk Råd søger Generalsekretær

Til tiltrædelse pr. 1. april 2014, eller efter nærmere aftale, søges generalsekretær. Vestnordisk Råds sekretariat, som består af én ansat, er placeret hos Altingets internationale afdeling i Reykjavik.

Vestnordisk Råd er en parlamentarisk samarbejdsorganisation mellem Færøernes Lagting, Grønlands Inatsisartut og Islands Alting.

Arbejdsopgaverne er hovedsagelig faglig og administrativ støtte til Vestnordisk Råd, sagsforberedelse, opfølgning af Rådets beslutninger, planlægning og forberedelse af møder og konferencer, bistand til Rådet i dets internationale virksomhed samt kontakt og informationsformidling til medier og offentlighed. Generalsekretæren udarbejder budgetforslag og styrer Rådets økonomi.

Ansøgere skal besidde følgende kvalifikationer:

- Relevant videregående uddannelse på kandidats/masters-niveau. Uddannelse indenfor samfundsvidenskab eller jura er en fordel.
- Flydende dansk og engelskkundskaber.
- Beherskelse af et eller flere af de vestnordiske sprog.
- Gode mundtlige og skriftlige formidlingskompetencer.
- Evne til at arbejde selvstændigt, i et mindre team samt i en bredere organisatorisk forstand.
- Være arbejdsom, kreativ og initiativrig med personlig gennemslagskraft.
- Være udadvendt, servicemindet og i besiddelse af gode samarbejdsevner samt sociale og kontaktskabende egenskaber.

Derudover vil følgende kvalifikationer være en styrke:

- Erfaring med internationalt samarbejde.
- Erfaring fra parlamentarisk arbejde.

Løn og arbejdsvilkår fastsættes i henhold til gældende overenskomst. Stillingen besættes som åremålsansættelse med muligheder for forlængelse.

Eventuelle spørgsmål rettes til Generalsekretær Thordur Thorarinsson på telefon nummer +354 56 30 732. Yderligere information om Vestnordisk Råd findes på www.vestnordisk.is

Ansøgninger skal være på Vestnordisk Råds arbejdsprog som er dansk.
Eventuelle jobinterviews vil foregå på dansk.

**Ansøgningsfrist:** Ansøgninger, vedhæftet CV og relevante dokumenter, sendes pr. mail til Altingets personalekontor jobvnr@althingi.is senest mandag den 24. februar 2014.

VESTNORDISK RÅD



ÍSLENSKIR FJALLALEIÐSÖGUMENN

# GAKKTU Í TEYMI ÍSLENSKRA FJALLALEIÐSÖGUMANNA

**Við leitum að einstaklingum sem eru tilbúnir að vinna í frábæru starfsumhverfi Íslenskra Fjallaleiðsögumanna.**

**Störf sem í boði eru:**

- Starfsmaður á skrifstofu í dagsferðadeild, framtíðar og/eða tímabundið.
- Starfsmaður á söluskrifstofu í Skaftafelli/Skógum, sumarstarf.
- Jöklaleiðsögumenn.
- Lagerstarfsmenn (20 ára og eldri), sumarstarf.

**Allar frekari upplýsingar um störfin og starfskröfur má finna á www.fjallaleidsogumenn.is eða hjá Margréti Jónsdóttur í síma 587 9999.**

**Umsóknir sendist á job@mountainguides.is**

**Umsóknarfrestur til 2. mars 2014.**

**ÍSLENSKIR FJALLALEIÐSÖGUMENN ÖRUGGLEGA Á FJÖLLUM!**

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Lögfræðingur | Umhverfis- og auðlindaráðuneyti | Reykjavík | 201402/046 |
| Yfirlæknir | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 201402/045 |
| Sjúkraliði/sjúkraliðanemi | Heilsugæslan í Firði | Hafnarfjörður | 201402/044 |
| Starfsmaður í afgreiðslu | Heyrnar- og talmeinastöð Íslands | Reykjavík | 201402/043 |
| Hjúkrunarfræðingur | LSH, hjarta- og æðaþræðingarst. | Reykjavík | 201402/042 |
| Sumarafleysingar sjúkraliða/nema | Heilsugæslan Sólvangi | Hafnarfjörður | 201402/041 |
| Sumarafleysingar sjúkraliða/nema | Heilsugæslan í Hamraborg | Kópavogur | 201402/040 |
| Starfsmaður í uppl.- og áætlanad. | Lögreglustjórinn á höfuðb.svæðinu | Reykjavík | 201402/039 |
| Aðstoðar- eða deildarlæknir | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201402/038 |
| Deildarstjóri sýningardeildar | Listasafn Íslands | Reykjavík | 201402/037 |
| Mannauðsstjóri | Lyfjastofnun | Reykjavík | 201402/036 |
| Heilbrigðisritari, skrifstofumaður | LSH, Barnaspítali Hringsins | Reykjavík | 201402/035 |
| Sjúkraliði/sjúkraliðanemi | Heilsugæslan í Garðabæ | Garðabær | 201402/034 |
| Heilsugæsluritari | Heilsugæslan Miðbæ | Reykjavík | 201402/033 |
| Hjúkrunarfræðingar | LSH, smitsjúkdómadeild A7 | Reykjavík | 201402/032 |
| Ljósmóðir | LSH, göngudeild mæðraverndar | Reykjavík | 201402/031 |
| Aðstoðarmaður í eldhús | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Seyðisfjörður | 201402/030 |
| Sérnámsstöður í heimilislækn. | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Reykjavík | 201402/029 |
| Framkvæmdastjóri | Vestnorræna ráðið | Reykjavík | 201402/028 |

**www.vinna.is**

vinna.is
sími: 511 1144

# DRIFKRAFTUR ÓSKAST

**Leitum að drífandi og hressum starfskröftum í sumarafleysingar og framtíðarstörf í verslanir okkar um land allt. Starfið felst í almennum verslunarstörfum og öðrum tilfallandi störfum.**

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af afgreiðslustörfum æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum nauðsynleg
- Áreiðanleiki og jákvæðni nauðsynleg
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð nauðsynleg
- Almenn tölvukunnátta æskileg
- Almenn þekking á bílavörum kostur

**Leitum að öflugum, hressum og þjónustulunduðum starfsmanni á tækniþjónustuverkstæði okkar.**

**Hæfniskröfur:**

- Hand- og verklagni nauðsynleg
- Reynsla af bílarafmagni æskileg
- Áreiðanleiki og jákvæðni nauðsynleg
- Hæfni í mannlegum samskiptum nauðsynleg
- Almenn þekking og áhugi á bílum æskileg
- Tölvukunnátta nauðsynleg



Umsóknum ásamt meðmælum skal skilað á netfangið atvinna@bilanaust.is
eða bréflega til Bílanaust, Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi. Merkt „Atvinna" fyrir 1. mars.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

www.expo.is

**Bílanaust rekur sjö verslanir ásamt tækniþjónustuverkstæði. Stærsta verslunin er á Bíldshöfða 9 í Reykjavík en einnig eru verslanir í Kópavogi, Hafnarfirði, Keflavík, á Selfossi, Akureyri og Egilsstöðum.**

**www.bilanaust.is**

Bílanaust
Gæði, reynsla og gott verð!

HÖFNIN RESTAURANT

# Frábær kokkur!

Okkur á Höfninni vantar faglærðan matreiðslumann. Leitum aðila sem ekki er bara góður í að elda mat heldur getur tekið ábyrgð, er vinnusamur, stundvís, skapgóður og virðir starfið sitt.
Góð laun fyrir réttan aðila.
Áhugasamir vinsamlega sendið línu á **brynjar@hofnin.is** eða hringið í **8941057**

## RAFÍS EHF
## auglýsir eftir rafvirkjum

**Rafís ehf óskar eftir rafvirkjum til starfa innanlands, mörg spennandi verkefni í gangi t.d Hótelbygging við Höfðatorg, slökkvistöð í Mosfellsbæ og margt fleira.**

**Okkur vantar menntaða rafvirkja og rafvirkja með reynslu af umsjón verka og verkstjórn.**

**Áhugasamir sendi umsókn og ferliskrá á sissi@rafisehf.is**

Rafís ehf.

HÁLSAFELL

## Vegna aukinna verkefna vantar Hálsafell ehf vélamenn og bílstjóra til starfa.

Áhugasamir hafi samband við Skarphéðin í síma 899-5126

# Deildarstjóri sýningardeildar

**Laus er til umsóknar staða deildarstjóra sýningardeildar Listasafns Íslands.**

